

**Mættir :** Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða og Oddur Örnólfsson

**Afboða, mæta ekki :** Hrafnhildur Lúthersdóttir.

**Fundur 31.08.2020 settur kl. 18.30.**

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

### 2. Mót og starfsemi

- a. Atburðadagatal. Farið var yfir atburðadagatal sem er tilbúið. Atburðadagatal er „lifandi“ skjal sem getur tekið breytingum á sundárinu en allar helstu breytingar eru tilkynntar á heimasíðu sambandsins og innan hreyfingar eftir mikilvægi.
- b. Íslandsmótaröðin í sundi. Búið er að setja upp reglugerð um mótaröðina og vinna talsverða vinnu í verkefnið. Tilgangur þessara mótaröðar í upphafi var að gera félögum úti á landi kleift að sækja sér styrki í gegnum ferðasjóð ÍSÍ til keppnisferða á mót. Samþykkt var að slá þessari hugmynd um Íslandsmótaröð á frest í bili en gera reglugerð um mótið sýnilega án þessa að hún sé virkjuð. SSÍ mun skoða hvort aðrar lausnir gætu komið í staðinn til að styðja við félög á landsbyggðinni.
- c. RIG. Í ljósi heimsfaraldurs hefur komið upp sú umræða hvort að RIG verði haldið og þá með hvaða sniði. SSÍ hefur hvatt til þessa að sundhluti mótsins verði haldinn sé þess nokkur kostur. Þetta mun vonandi skýrast á næstu dögum. Verði niðurstaðan sú að mótið sé haldið þarf að fara í viðræður við aðila um hvernig staðið verði að mótinu.
- d. AMÍ verður haldið á Akureyri 24 - 27. Júní 2021
- e. Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýju skipuriti og hlutverki nokkurra nefnda. Með breyttu skipulagi og áherslum mun starfshópur taka yfir verkefni Landsliðsnefndar, Fræðslunefndar og sundíþróttanefndar og nefndirnar gerðar óvirkar að sinni amk. Í framhaldinu verður allt nefndarstarf sambandsins endurskoðað. Eftirfarandi reglugerð gildir um nefndir innan sambandsins: *„Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabilinu. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma“*
- f. Formannafundur verður haldinn í september eða í byrjun október og verður fenginn gestafyrirlesari til að tala á fundinum auk þess sem nýr yfirmaður landsliðsmála mun fara yfir mál.

### 3. Afreksmál

- a. Eyleifur Jóhannesson nýr yfirmaður landsliðsmála kynnti sig og fór yfir sína sýn hvað varðar afreks og landsliðsmál. Eyleifur er þessa dagana að hitta þjálfara allra félaga sem tóku þátt í AMÍ 2020. Þjálfarahelgi verður haldin á Selfossi dagana 12. -13. september og er þátttaka góð. Stefnt er að því að vera með æfingahelgi landsliða- og framtíðarhópa þann 25.- 27. september.

- b. Lágmrök og viðmið fyrir A, B og C mót á hér á landi eru tilbúin og verða birt á síðu sambandsins hið fyrsta. Drög að fullunnu skjali með lágmrökum og viðmiðum verður kynnt á þjálfararáðstefnu í september og á æfingahelgi landsliða í lok september.
- c. Í skýrslu um lágmrök og viðmið mun einnig koma fram hvaða mót gilda til lágmarka.
- d. Aðgerðaráætlun fyrir afreksstefnu og drög að nýrri afreksstefnu er í mótun og verður tilbúin um áramót.

#### 4. Fundargerðir nefnda

- a) 100. fundargerð dómara nefndar 27.08.2020

Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt. Að gefnu tilefni vill stórn SSÍ bóka eftirfarandi.

##### Bókun

„Öll dómara námskeið sem haldin eru á vegum SSÍ skulu fara í gegnum dómara nefnd sambandsins og með samþykki þeirra.“

#### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Kristófer Atli Andersen	Breiðablik	ÍRB	21.08.2020	19.09.2020
Ziza Alomerovic	Ármann	Breiðablik	17.08.2020	15.09.2020

*Staðfest*

#### 6. Staðfesting meta

##### 25m laug

##### Piltar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	1:02,75	03.07.20	Hafnarfjörður
4x100m fjórsund	<u>Piltasveit SH</u> Veigar Hrafn Sigþórsson Snorri Dagur Einarsson Símon Elías Statkevicius Daði Björnsson	SH	3:57,75	04.07.20	Hafnarfjörður

##### Drengir

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	58,05	05.07.20	Hafnarfjörður

##### 50m laug

##### Blandað boðsund

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
4x50m fjórsund	<u>Sveit SH</u> Steingerður Hauksdóttir Anton Sveinn McKee Jóhanna Elín Guðmundsdóttir Dadó Fenrir Jasminuson	SH	1:48,34	17.07.20	Reykjavík
4x50m skriðsund	<u>Sveit SH</u> Jóhanna Elín Guðmundsdóttir Símon Elías Statkevicius Dadó Fenrir Jasminuson Steingerður Hauksdóttir	SH	1:39,16	18.07.20	Reykjavík

##### Piltar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
4x100 skriðsund	<u>Piltasveit SH</u> Símon Elías Statkevicius	SH	3:42,00	18.07.20	Reykjavík

4x100 fjórsund	Daði Björnsson Veigar Hrafn Sigbórsson Snorri Dagur Einarsson <u>Piltasveit SH</u> Veigar Hrafn Sigbórsson Snorri Dagur Einarsson Símon Elías Statkevicius Daði Björnsson	SH	4:07,25	19.07.20	Reykjavík
----------------	--	----	---------	----------	-----------

### Drengir

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
50m baksund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	29,16	18.07.20	Reykjavík
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	26,39	19.07.20	Reykjavík
400m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	4:47,90	19.07.20	Reykjavík

### Meyjar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
50m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	ÍBR	32,35	18.07.20	Reykjavík

## 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 04.06.2020	Aðlögun vegna Covid – 19 -Afrekssjóður	ÍSí
b. 29.07.2020	Minnisblað sóttvarnalæknir	ÍSí
c. 30.07.2020	Auglýsing um samkomubann	ÍSí
d. 30.07.2020	Viðeyjarsund	MH
e. 03.08.2020	Covid-19 LEN support	LEn
f. 06.08.2020	Fina swimming coaches certiification course level 1	Fina
g. 10.08.2020	Göngum í skólann	ÍSí
h. 11.08.2020	Reglur KSÍ um sóttvarnir	ÍSí
i. 15.08.2020	Official school Riga	FINA
j. 15.08.2020	Water polo school referee – Zuirch	FINA
k. 18.08.2020	Samþykktar reglur SSÍ um sóttvarnir	ÍSí
l. 28.08.2020	Covid- 19 leiðbeiningar fyrir sérsambönd	ÍSí

## 8. Aga- og siðamál

- Kærumál. SSÍ barst í hendur kæra á hendur sambandinu frá dómstólum ÍSí þar sem SRR kærði SSÍ og SH í framhaldi af niðurstöðu aga- og siðanefndar í erindi þeirra sem barst frá ÍSí. Dómstóllinn hvatti til sátta í málinu.

### Niðurstaða málsins er eftirfarandi:

#### Bókun frá SSÍ:

Sátt hefur náðst í málinu milli allra aðila og hefur verið undirrituð.

#### Bókun frá SSÍ:

„Stjórn SSÍ harmar að þetta mál hafi komið upp og beinir þeim tilmælum til aðildarfélaga sinna að leita til SSÍ komi samskonar staða upp aftur. Stjórn SSÍ mun jafnframt setja sér skýrar starfsreglur sem auðvelda eiga sambandinu að takast á við slík mál. Starfsreglurnar verða birtar á heimsíðu félagsins fyrir 31.12.2020“

#### Bókun frá SH:

„Það var aldrei ætlun stjórnar SH að skapa glundroða eða rýra traust á milli aðila innan sundhreyfingarinnar. Tímarnir sem ákvörðunin er tekin á, voru fordæmalausar. Ef álíka ástand kemur upp aftur þá yrði slík ákvörðun tekin í samráði við Sundsamband Íslands”

#### **Bókun frá SSÍ:**

„Stjórn SSÍ mun skipa vinnuhóp til að fara yfir hlutverk og regluverk nefnda innan sambandsins (þ.m.t aga – og siðanefndar) og skulu niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir eigi síðar en 31.12.2020.”

- b. Aga- og siðanefnd hafði einni ályktað varðandi erindi sem ÍRB sendi til stjórnar SSÍ varðandi meint brot SH í samkomubanni. Eftir að þeim var kynnt niðurstaða nefndarinnar var ennþá kurr meðal ÍRB fólks.

#### **Niðurstaða málsins er eftirfarandi:**

Aðilar frá SSÍ og ÍRB hittust þann 4. júlí og ræddu hvor um sig sínar hliðar málsins. Fullar sættir náðust á milli aðila og voru handsalaðar.

#### **Bókun frá SSÍ:**

„Stjórn SSÍ harmar að þetta mál hafi komið upp og beinir þeim tilmælum til aðildarféлага sinna að leita til SSÍ komi samskonar staða upp aftur.

#### **Bókun frá SH:**

„Það var aldrei ætlun stjórnar SH að skapa glundroða eða rýra traust á milli aðila innan sundhreyfingarinnar. Tímarnir sem ákvörðunin er tekin á, voru fordæmalausir. Ef álíka ástand kemur upp aftur þá yrði slík ákvörðun tekin í samráði við Sundsamband Íslands”

- c. Aga- og siðanefnd hafði einnig borist erindi frá Birni Sigurðssyni formanni SSÍ varðandi þá ákvörðun SRR að fara með erindi sitt, vegna meints brots SH í samkomubanni, beint til ÍSÍ í stað þess að koma því til stjórnar SSÍ.

#### **Niðurstaða málsins er eftirfarandi:**

Fyrir tilstuðlan aga-og siðanefndar var haldin sáttarfundur í málinu þann 2. júlí 2020. Fullir sættir náðust í málinu og gagnvæmt traust ríkir á milli aðila. Beðið er eftir skýrslu aga- og siðanefndar frá fundinum.

#### **Önnur mál:**

- a. Þjónustugjöld - 8 félög sem eiga eftir að greiða þjónustugjöld. Send verður greiðsluáskorun til þessara félaga og farið í innheimtuaðgerðir í framhaldinu.
- b. Starfshópur um afmæli SSÍ árið 2021. Formaður mun kalla til aðila í þessum starfshóp til að ræða þær hugmyndir sem komið hafa upp að afmælisári.

**Fundi slitið kl. 21:30**